



Viðmiðunarreglur um snjómokstur og hálkuvarnir í Kjósarhreppi.

Almennt: Meginmarkmið snjómoksturs og hálkueyðingar er að draga úr neikvæðum áhrifum snjós og íss á samgöngur í sveitarfélaginu með tilliti til skólastarfs, einstaklinga og fyrirtækja og greiða um leið akstursleiðir vegna neyðarakstur, sorphirðubíls og mjólkurbíls. Snjómokstri og hálkueyðingu í Kjósarhreppi er stjórnað af tveimur aðilum; Vegagerðinni og Kjósarhreppi.

Kjósarhreppur getur frestað mokstri ef veður er óhagstætt, eins og í snjókomu eða skafrenningi eða þegar slíkt veður er fyrirsjáanlegt, er þá mokað næsta dag sem veður leyfir. Vakin er athygli á að ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega mokstur á einstökum vegum.

Sveitarfélagið annast **ekki** snjóhreinsun

- á bílastæðum eða plönum einstaklinga og fyrirtækja.
- frá sorpílátum og bílskúrum einstaklinga og fyrirtækja.
- á einkavegum að húsnaði sem skilgreint er sem frístundahús í fasteignaskrá Þjóðskrár.
- á einkavegum í og að sumarhúsahverfum.
- þar sem einstaklingur er skráður með lögheimili en hefur ekki fasta búsetu allt árið.
- að einstökum ferðamannastöðum.
- á hlöðum eða plönum við útihús í dreifbýli.

Félagsþjónustan getur beðið um þjónustu fyrir sína skjólstæðinga.

Þá ber þeim aðilum er sinna snjóhreinsun fyrir Kjósarhrepp **ekki** að draga bíla upp úr festu.

Þjóðvegir: Vegagerðin sér um allan mokstur á þjóðvegum sem liggja um sveitarfélagið.

(Héraðs- og) tengivegir: Vegagerðin hefur skilgreint þá vegi þar sem heimilt er að beita helmingamokstursreglu. Samkvæmt reglum Vegagerðarinnar (sjá www.vegagerdin.is) er heimilt að moka þessa vegi með kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar að hámarki þrisvar sinnum í viku, meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla. Miðað er við að búið sé að opna allar aðalleiðir virka daga kl. 7 að morgni þá daga sem mokað er. Kostnaður við snjómokstur þessara vega skiptist til helminga á Vegagerð og sveitarfélagið.

Komi til að moka þurfi helmingamokstur oftast en þrisvar í viku verður að liggja fyrir samþykki Vegagerðarinnar á greiðslu helminga kostnaðar á móti Kjósarhreppi. Vegagerðin/verktaki, sér um þann mokstur að höfðu samráði við sveitarstjóra Kjósarhrepps. Í sérstökum tilfellum greiðir Kjósarhreppur fyrir auka mokstur án þátttöku Vegagerðarinnar ef aðstæður kalla eftir slíkri þjónustu. Samkvæmt reglum Vegagerðarinnar er einnig heimilt að moka sérstaklega vegna jarðarfara og greiðir Vegagerðin þann kostnað að fullu. Kjósarhreppur greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án samþykkis sveitarfélagsins. Komi beiðni um snjómokstur frá lögreglu, slökkviliði, læknum eða sjúkraflutningamönnum vegna neyðartilvika, skal því strax sinnt. Framan töldum er heimilt að kalla út tæki til snjómoksturs í neyðartilvikum.

Heimreiðar í dreifbýli:

Heimreiðar í dreifbýli þar sem skólaakstri er sinnt eru í forgangi og eru þær hreinsaðar virka daga samkvæmt skóladagatali fyrir kl. 07.00 þegar þörf er á.



Aðrar heimreiðar í dreifbýli eru hreinsaðar virka daga þegar þörf er á, m.a. í tengslum við sorphirðu, komu mjólkurbíls og/eða félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

Aðilar sem taka upp fasta búsetu og skrá lögheimili í húsnæði sem ekki hefur áður verið skráð föst búseta þurfa að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins til að fá vetrarþjónustu.

Vetrarþjónusta á fyrstu 50 m frá íbúðarhúsi er á vegum húseigenda.

Hreinsun á innansveitarvegum nýtur forgangs umfram hreinsun heimreiða.

Sveitarfélagið veitir frístundabyggðum styrk til ráðstöfunar í snjómokstur sem ákveðin er í fjárhagsáætlun ár hvert. Hvert félag fær úthlutaða styrkuppþæð sem greidd er út með framvísun reiknings verktaka um snjómokstur. Ónýttur styrkur færist ekki sem inneign á næsta ár. Styrkur er eingöngu veittur til samarbústaðafélaga með 20 hús að lágmarki.

Mikilvægt er að íbúar og gestir sveitarfélagsins séu meðvitaðir um að veður og færð getur breyst með skömmum fyrirvara og af þeim sökum getur reynst ómögulegt að uppfylla þessi viðmið til að tryggja sem best öryggi vegfarenda.

Í dreifbýlissveitarfélagi eins og Kjósarhreppur er, er áriðandi að ökumenn séu meðvitaðir um mikilvægi góðs útbúnaðar á ökutækjum sínum. Viðmið vetrarþjónustu gera ráð fyrir að ökutæki séu búin til vetraraksturs.

Samþykkt á 297. fundi sveitarstjórnar Kjósarhrepps þann 2. október 2024.